

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hvaða réttarreglur, skráðar og óskráðar, gilda að íslenskum rétti um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra gagnvart Alþingi?
2. Hvaða viðurlög eru við brotum á slíkri skyldu?
3. Telur ráðherra tilefni til að breyta þessum reglum, skýra þær eða eftir atvikum herða þær?

Skriflegt svar óskast.